# Hagar hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
## 1. mars til 31. maí 2017

Hagar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 3

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 4

Efnahagsreikningur ........ 5

Eiginfjáryfirlit ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hagar hf. er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 850 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 30.871 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 18.262 millj. kr. og var eiginfjárhlutfall 59,2%.

Eins og fram kom í ársreikningi samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem lauk 28. febrúar 2017 hafa Hagar hf. undirritað kaupsamning um kaup á öllu hlutafé í Lyfju hf. og Olíuverzlun Íslands hf. Kaupin voru undirrituð með fyrirvörum. Vegna kaupa á hlutafé í Lyfju hf. hefur fyrirvörum vegna áreiðanleikakönnunar verið aflétt en enn er fyrirvari í gildi vegna samþykkis Samkeppniseftirlitsins. Vænta má niðurstöðu eftirlitsins í júlí nk. Þá eru í gildi fyrirvarar vegna kaupa á Olíuverzlun Íslands hf. um niðurstöður áreiðanleikakönnunar, samþykki hluthafafundar fyrir aukningu hlutafjár og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Aðalfundur 2017 samþykkti hlutafjáraukninguna en enn eru í gildi fyrirvarar vegna áreiðanleikakönnunar og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Vænta má niðurstöðu undir lok árs 2017.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2017, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. maí 2017 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 28. júní 2017

Stjórn:

Kristín Friðgeirsdóttir
Erna Gísladóttir
Salvör Nordal
Sigurður Arnar Sigurðsson
Stefán Árni Auðólfsson

Forstjóri:

Finnur Árnason

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. mars 2017 til 31. maí 2017

| | Skýr. | 2017<br>1.3.-31.5. | 2016<br>1.3.-31.5. |
|---|---|---|---|
| Vörusala | | 19.048 | 19.981 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 14.312) | ( 15.069) |
| **Framlegð** | | 4.736 | 4.912 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 54 | 54 |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 2.043) | ( 1.940) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 1.470) | ( 1.653) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | | 1.277 | 1.373 |
| Afskriftir | 7 | ( 225) | ( 191) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.052 | 1.182 |
| Fjármunatekjur | | 54 | 82 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 64) | ( 79) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | 8 | ( 10) | 3 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 20 | 0 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 1.062 | 1.185 |
| Tekjuskattur | | ( 212) | ( 237) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 850 | 948 |

**Hagnaður á hlut:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,74 | 0,81 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. maí 2017

| | Skýr. | 31.5.2017 | 28.2.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 10.996 | 10.927 |
| Óefnislegar eignir | | 8.031 | 7.950 |
| Fastafjármunir samtals | | 19.027 | 18.877 |
| Vörubirgðir | 9 | 4.393 | 4.419 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 529 | 587 |
| Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur | | 3.895 | 3.752 |
| Handbært fé | | 3.027 | 2.474 |
| Veltufjármunir samtals | | 11.844 | 11.232 |
| **Eignir samtals** | | 30.871 | 30.109 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.153 | 1.153 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 291 | 291 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 4.756 | 3.893 |
| Óráðstafað eigið fé | | 12.062 | 12.075 |
| Eigið fé samtals | | 18.262 | 17.412 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 10 | 2.795 | 2.986 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 814 | 601 |
| Langtímaskuldir samtals | | 3.609 | 3.587 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 10 | 768 | 767 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 1.024 | 833 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 11 | 7.208 | 7.362 |
| Skuldbindingar | | 0 | 148 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 9.000 | 9.110 |
| Skuldir samtals | | 12.609 | 12.697 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 30.871 | 30.109 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit
# 1. mars 2017 til 31. maí 2017

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2016** | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2016 ......................................... | 1.172 | 1.272 | 0 | 13.924 | 16.368 |
| Heildarhagnaður tímabilsins .............................. | | | | 948 | 948 |
| Eigið fé 31. maí 2016 ......................................... | 1.172 | 1.272 | 0 | 14.872 | 17.316 |
| | | | | | |
| **Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2017** | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2017 ......................................... | 1.153 | 291 | 3.893 | 12.075 | 17.412 |
| Heildarhagnaður tímabilsins .............................. | | | | 850 | 850 |
| Flutt á bundinn hlutdeildarreikning ..................... | | | 863 | ( 863 ) | 0 |
| Eigið fé 31. maí 2017 ......................................... | 1.153 | 291 | 4.756 | 12.062 | 18.262 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. mars 2017 til 31. maí 2017

| | Skýr. | 2017 1.3.-31.5. | 2016 1.3.- 31.5. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 850 | 948 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | ( 1) | ( 1) |
| Skuldbindingar vegna leigusamninga | | 0 | ( 10) |
| Afskriftir | 7 | 225 | 191 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | 10 | ( 3) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 20) | 0 |
| Tekjuskattur | | 212 | 237 |
| Veltufé frá rekstri | | 1.276 | 1.362 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | | ( 57) | ( 635) |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | | 132 | 858 |
| Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt | | 1.351 | 1.585 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 41 | 80 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 60) | ( 76) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 242) | ( 239) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.090 | 1.350 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í fasteignum | | ( 74) | ( 24) |
| Fjárfesting í áhöldum og innréttingum | | ( 219) | ( 189) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 86) | ( 38) |
| Söluverð áhalda og innréttinga | | 4 | 12 |
| Söluverð eignarhluta | | 9 | 0 |
| Framlag frá hlutdeildarfélagi | | 20 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 346) | ( 239) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir vaxtaberandi skulda | | ( 191) | ( 188) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 191) | ( 188) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 553 | 923 |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | | 2.474 | 3.810 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 3.027 | 4.733 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2017 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar sem rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2017.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 28. júní 2017.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2017. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagins, og eru allar fjárhæðir birtar í milljónum króna.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikingsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Samstæðan birtir ekki starfsþáttayfirlit eftir sviðum né landssvæðum þar sem starfsemi hennar er einungis í rekstri smásöluverslana á Íslandi.

## 6. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 31. maí 2017 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

## 7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | 2017 1.3-31.5. | 2016 1.3- 31.5. |
|---|---|---|
| Afskrift rekstrarfjármuna | 219 | 187 |
| Afskrift óefnislegra eigna | 6 | 4 |
| Afskriftir samtals | 225 | 191 |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum | 42 | 82 |
| Gengishagnaður | 12 | 0 |
| Fjármunatekjur samtals | 54 | 82 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 64) | ( 79) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 64) | ( 79) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 10) | 3 |

## 9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

| | 31.5.2017 | 28.2.2017 |
|---|---|---|
| Matvara | 3.419 | 3.362 |
| Sérvara | 683 | 761 |
| Vörur í flutningi | 291 | 296 |
| Vörubirgðir samtals | 4.393 | 4.419 |
| Niðurfærsla birgða í lok tímabils | 63 | 85 |

## 10. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | Vegið meðaltal vaxta | | Eftirstöðvar | Eftirstöðvar |
|---|---|---|---|---|
| | 31.5.2017 | 28.2.2017 | 31.5.2017 | 28.2.2017 |
| Skuldir í ISK, óverðtryggðar | 6,20% | 6,20% | 3.427 | 3.612 |
| Skuldir í ISK, verðtryggðar | 10,50% | 10,50% | 136 | 141 |
| Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | | | 3.563 | 3.753 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | | ( 768 ) | ( 767 ) |
| Langtímaskuldir samtals | | | 2.795 | 2.986 |

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | 31.5.2017 | 28.2.2017 |
|---|---|---|
| Afborganir 2017/18 | 768 | 767 |
| Afborganir 2018/19 | 773 | 771 |
| Afborganir 2019/20 | 1.985 | 2.169 |
| Afborganir 2020/21 | 37 | 46 |
| Samtals | 3.563 | 3.753 |

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

### 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 31.5.2017 | 28.2.2017 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 5.518 | 5.267 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 1.690 | 2.095 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 7.208 | 7.362 |

### 12. Félög í samstæðu

Dótturfélög félagsins í lok tímabilsins voru sex. Dótturfélögin í samstæðuárshlutareikningnum eru eftirfarandi:

| | | Eignarhlutur | |
|---|---|---|---|
| | Staðsetning | 31.5.2017 | 28.2.2017 |
| Hagar verslanir ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Bananar ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Ferskar kjötvörur ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Noron ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Íshöfn ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Eignarhaldsfélagið Dagar ehf. | Ísland | 100% | 100% |

Hlutir móðurfélagsins í ofangreindum dótturfélögum eru veðsettir vegna vaxtaberandi skulda.

### 13. Kennitölur

***Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:***

| **Efnahagsreikningur:** | 31.5.2017 | 28.2.2017 |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 1,32 | 1,23 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildareignir | 59,2% | 57,8% |
| Innra virði hlutafjár | 15,84 | 15,10 |